



## Minnisblað

Móttakandi: Karl Björnsson

Dags.: 15. október 2018

Sendandi: Valgerður Freyja Ágústsdóttir

Málsnr.: 1809019SA

Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn SIS um málefnasvið 25 og 26 í fjárlagafrumvarpi 2019**

### Hjúkrunar- og dagdvalarrými ( málefnasvið 25.10)

Fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp er afar ógagnsætt. Þannig er ógerningur að rekja framlög til málaflokksins niður á einstakar stofnanir. Þá er ógerlegt að átta sig á því hvaða rýmafjöldi eða legudagafjöldi liggur að baki framlaga til öldrunarstofnana og daggjalda. Af þeim sökum er erfitt að henda reiður á hvort um fullnægjandi hækkun sé að ræða með tilliti til aukinnar hjúkrunarþyngdar eða hvernig framlögin skila sér til einstakra stofnana. Hér væri mjög til bóta að í fylgiskjali með fjárlagafrumvarpi kæmi fram listi yfir stofnanir á hverju málefnasviði og hvernig framlög skiptast niður á þær.

Hjúkrunarheimili gegna mikilsverðu og vaxandi hlutverki í heilbrigðiskerfi þjóðarinnar. Skortur á hjúkrunarheimilum hefur í för með sér að aldraðir einstaklingar flengjast á sjúkrahúsum. Forsenda lausnar á þessum vanda er að heimilunum verði sköpuð raunhæf rekstrarskilyrði. Að óbreyttum rekstrarskilyrðum er vandséð að sveitarfélög muni taka þátt í þeirri „stórsókn“ í uppbyggingu hjúkrunarrýma sem ríkisstjórnin boðar í stjórnarsáttmála sínum.

Umtalsverður halli hefur verið á rekstri hjúkrunarheimila um langt skeið. Hallareksturinn má rekja til þess að kröfulýsing sem hjúkrunarheimilum er ætlað að starfa eftir er í litlu samræmi við þann tekjuramma sem þeim er markaður með daggjöldum.

Ráðgjafafyrirtækið Nolta greindi kostnað við kröfulýsingu velferðarráðuneytis m.v. rekstrarárið 2016. Niðurstaðan var að til þess að koma rekstri 60 rýma hjúkrunarheimilis í viðunandi horf þyrftu daggjöld að hækka verulega eða um 30-40%. Hækkunarpörf væri mun meiri ef farið væri eftir mönnunarlíkani sem Embætti landlæknis hefur gefið út.

Í október 2016 var gerður rammSAMningur milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Í samningnum er kveðið á um aðbúnað, aðgengi og þjónustu sem heimilin skuli veita og greiðslur fyrir þá þjónustu. Um er að ræða 43 hjúkrunarheimili, en tæplega helmingur þeirra er rekin af sveitarfélögum á daggjöldum frá ríkinu.

Sveitarfélög hafa greitt mikla fjármuni með rekstrinum, en í fyrra námu framlög þeirra til hjúkrunarheimila um 1 ma.kr. umfram tekjur til verkefnisins. Erfitt er fyrir sveitarfélögin að una við þessa niðurstöðu.

Á grundvelli samnings milli velferðarráðuneytis og Seltjarnarnesbæjar er búið að byggja nýtt 40 rýma hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi sem verður tilbúið til notkunar í desember á þessu ári. Vegna erfiðra rekstrarskilyrða í málaflokknum hefur enginn rekstraraðili tekið að sér rekstur hjúkrunarheimilisins. Að auki ríkir ágreiningur milli samningsaðila um það hvor hafi það verkefni undir höndum að finna og semja við rekstraraðila um veitingu þjónustunnar í hinu nýja húsnæði.

Dagdvalarrýmum hefur fjölgað hægt á umliðnum árum og allt frá árinu 2012 mun hægar en fjölgun eldri borgara. Mikil eftirspurn er eftir þessari þjónustu og sveitarfélögum hefur ítrekað verið synjað um fjölgun dagdvalarrýma til að mæta eftirspurn. Afar brýnt er að fjölga dagdvalarrýmum þannig að tryggt sé að þróunin sé að lágmarki í samræmi við reiknaða þörf. Bent er á að staðið hefur til að koma á rammasamningi vegna dagdvalar aldraðra frá því að slíkur samningur var undirritaður í október 2016 vegna hjúkrunarheimila. Drög að kröfulýsingu fyrir þjónustu í dagdvöl aldraðra voru fyrst kynnt samninganefnd haustið 2017, án þess að nokkurt kostnaðarmat lægi fyrir. Í kjölfarið sömdu rekstraraðilar við ráðgjafarfyrirtækið Nolta um að kostnaðarmeta kröfulýsinguna sem kynnt var Sí vorið 2018 og velferðarráðuneyti í ágúst 2018. Kom þar fram að daggjöld vegna þjónustunnar þurfi að hækka að lágmarki um 30% til þess að standa undir þeirri þjónustu sem veita á skv. kröfulýsingu. Skemmst er frá því að segja að frá því að þær upplýsingar lágu fyrir hefur ekki verið fundað í samninganefnd aðila vegna rammasamnings um dagdvöl aldraðra og óljóst hvenær samningsaðilar koma aftur saman að borðinu. Afar brýnt er að ganga frá rammasamningi um þjónustuna og tryggja þar með fjármagn til að standa undir þeirri þjónustu sem veita á.

Í stjórnarsáttmála koma fram fyrirheit um að hugað verði að því að styrkja rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila og jafnframt lögð áhersla á aðra þjónustupætti, svo sem heimahjúkrun, dagþjálfun og endurhæfingu. Þessa sést þó hvergi stað í frumvarpi til fjárlaga.

Í fjárlagafrumvarpi 2018 var kveðið á um hækkun á heildarfjárheimildum allra málefnasviða heilbrigðisþjónustunnar nema málefnasviðs nr. 25, en hjúkrunarrými, dagdvalarrými og endurhæfing falla þar undir. Þar lækkuðu framlög um 0,2%. Að auki var lögð á aðhaldskrafa á málefnasviðið sem þýddi 200 m. kr. skerðingu á framlögum til rekstraraðila árið 2018.

Í fjárlagafrumvarpi 2019 er gert ráð fyrir hækkun um 3,7% á málefnasviðinu sem væntanlega má fyrst og fremst rekja til nýrra hjúkrunarrýma, byggingu þeirra og rekstrar. Á móti þessari hækkun er síðan lögð fram aðhaldskrafa upp á 0,5% án þess að rekstrargrundvöllur sé aukinn. Hér skal bent á að málefnasvið 25, hjúkrunarrými, dagdvalarrými og

endurhæfing og nr. 32, lýðheilsa og forvarnir eru einu málefnasviðin sem fá á sig aðhaldskröfu en enga fjármuni til að mæta henni með styrkingu á rekstrargrunni.

Ein afleiðing þess að ekki er gert ráð fyrir neinni aukningi á rekstrargrunni hjúkrunarheimila í fjárlagafrumvarpi 2019 er sú að samningaviðræður vegna framlengingar rammisamnings um hjúkrunarheimili eru í uppnámi. Í því ljósi er vert að benda á að þegar rammisamningur var undirritaður var það jafnframt skilningur samningsaðila að á gildistíma samningsins, eða fram til 2018, þyrfti að leysa ýmis stór úrlausnarefni sem ekki náðist í samningaferlinu sjálfu. Má þar t.d. nefna smæðarálag, húsnæðiskostnað, kostnaðarútlaga og fleira sem talið er upp í bókunum í samkomulagi um gerð rammisamnings vegna þjónustu í hjúkrunar- og dvalarrýmum hjúkrunarheimila og undirritað var þann 6. september 2016.

### **Hjálpartæki (málefnasvið 26.3)**

Af hálfu sambandsins er lögð áhersla á að Sjúkratryggingar Íslands veiti styrki til kaupa á hjálpartækjum í húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk og öryggiskallkerfa einkum fyrir eldri borgara.

Sí túlkar gildandi reglugerðir þannig að styrkir séu ekki veittir vegna íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélaga. Alvarlegar athugasemdir hafa verið gerðar við að þessa túlkun og framkvæmdin og bent á að hún sé ekki í samræmi við lög nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Í bréfi sambandsins til heilbrigðisráðherra, dags. 12. september 2017, er kallað eftir að gildandi reglugerðum verði breytt til þess að taka af skarið um rétt notenda til styrkja vegna hjálpartækja. Sú breyting styðst einnig við sérstaka aðgerð (G.7) í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021.

### **Áhersluatriði sambandsins**

Sambandið telur brýnt að framlengja rammisamning um þjónustu hjúkrunarheimila. Til að svo megi verða þarf að tryggja meira fjármagn í þjónustuna og hækka daggjöld þannig að þau standi undir þeirri þjónustu sem veita á skv. kröfulýsingu.

Brýnt er að kröfulýsing vegna rammisamnings um dagdvalarymi verði kostnaðarmetin og gengið frá samningi á þeim grundvelli í kjölfarið.

Sambandið leggur áherslu á að Sjúkratryggingar Íslands veiti styrki til kaupa á hjálpartækjum í húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk.

VFA

